




FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

---

**INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ  
SÖLVHÓLSGÖTU 7  
STIGI MILLI 2. OG 4. HÆÐAR**

**SKILAGREIN**

JÚLÍ 2014



## EFNISYFIRLIT

<b>ALMENNT UM SKILAGREINAR .....</b>	<b>3</b>
<b>1.0 UNDIRBÚNINGUR .....</b>	<b>3</b>
1.1 Lýsing framkvæmdar .....	3
1.2 Frumathugun.....	3
1.3 Áætlunargerð .....	3
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	4
<b>2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD .....</b>	<b>5</b>
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	5
2.2 Framvinda .....	5
2.3 Eftirlit og úttektir .....	5
<b>3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....</b>	<b>6</b>
3.1 Heildarkostnaður.....	6
<b>4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>7</b>
4.1 Árangur framkvæmdarinnar .....	7
4.2 Staðfesting skilagreinar.....	7

---

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

## 1.0 UNDIRBÚNINGUR

### 1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður í stuttu máli fjallað um gerð stiga milli 2. og 4. hæðar, innanhúss í húsi innanríkisráðuneytisins að Sölvhóls götu 7, sem framkvæmd var á árinu 2011.

Í húsinu fóru fram, stuttu fyrir og samhliða gerð stigans, gagngerar endurbætur á 1. - 4. hæð til þess að koma fyrir starfsemi innanríkisráðuneytisins.

Hlutverk nýja stigans var að tengja betur saman starfsemi ráðuneytisins en hann er staðsettur í miðju hússins. Hann stendur í opnu rými á 2. hæð en er umlukinn glerveggjum á 3. og 4. hæð. Tilkoma stigans eykur innsýni á hæðum hússins og milli þeirra.

Verkkaupi var innanríkisráðuneytið.

Verkefnisstjóri FSR var Jón H. Ásbjörnsson FSR.



Stigi milli 2. og 4. hæðar Sölvhóls götu 7.

## 1.2 Frumathugun

Innanríkisráðuneytið varð til við sameiningu samgöngu- og dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Samgönguráðuneytið flutti úr Hafnarhúsinu og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið úr Skuggasundi 3 að Sölvhóls götu 7 og mynduðu þessi ráðuneyti þar innanríkisráðuneytið. Þær meginframkvæmdir fóru fram á árinu 2011, sjá skilamatið *Húsnæði Stjórnarráðsins – Breytingar við sameiningu ráðuneyta 2010 -2011. Skilamat, mars 2012.*

Samhliða breytingum á húsnæðinu vegna flutnings þessara ráðuneyta á vegum forsætisráðuneytisins ákvað innanríkisráðuneytið gerð nýs stiga milli 2. - 4. hæðar. Í húsnæði samgönguráðuneytisins við Tryggvagötu 17 (Hafnarhúsinu) var settur stigi innanhúss milli hæða til þess að tengja þær betur saman og einfalda aðgengi starfsmanna að mótuneyti og fundaraðstöðu og er fordæmi þessa verks sótt í það verkefni.

Ekki var unnin eiginleg frumathugun vegna smæðar verkefnisins.

## 1.3 Áætlunargerð

### Hönnun

Hönnun stigans fór fram fór fram í febrúar og mars 2011. Burðarvirki stigans er úr stáli og eru þrep hans með gólfduk sömu gerðar og á hæðunum. Handrið stigans eru úr hertu gleri. Stiginn er opinn inn á 2. hæð en að öðru leyti aðskilinn 3. og 4. hæð með glerveggjum (brunakrafa E60). Tilkoma stigans hafði í för með sér breytingar á brunahönnun hússins. M.a. þurfti að setja vatnsúðakerfi á 2. hæð og breyta brunahólfun 2. og 3. hæðar sem tilheyrir þessu verki.

### Ráðgjafar


Hönnuðir voru Arkiteo ehf. (arkitektúr), Almenna verkfræðistofan (nú Verkís hf., loftræsing), Ferill ehf. (burðarþol), Verkhönnun ehf (raflagnir) og VSI öryggishönnun ehf. (brunavarnir).

Hönnuður	kr.
Arkiteo ehf	1,2
Almenna verkfræðistofan hf	0,6
Ferill ehf	0,3
Verkhönnun ehf	0,2
VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf	0,3
<b>Samtals</b>	<b>2,6</b>

Þar sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af hönnunarbókun eru fjárhæðir í töflunni settar fram án vsk. eins og í reikningslegu uppgjöri í kafla 3.

### 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Upphafleg áætlun um heildarkostnað verksins (mars 2011) hljóðaði upp á 32,4 m.kr.



Útílt og grunnmynd stigans.

## 2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Samhliða verðkönnun um breytingar á 3. og 4. hæð á Sölvhólsgötu 7 var framkvæmdin „Sölvhólsgata 7 – Innanríkisráðuneyti – Stigi 2. - 4. hæð“ send í verðkönnun í mars 2011.

Helstu magntölur verksins voru:

Helstu magntölur	magn	eining
Stálvirki	2.915	kg
Stálstigar	2	stk
Pakblásari	1	stk
Lampar	22	stk
Glerveggir	109	m <sup>2</sup>

Tilboð voru opnuð þann 22. mars 2011 og voru niðurstöður sem hér segir:

Niðurstöður útboðs	kr.	hlutfall
Sveinbjörn Sigurðsson hf.	27.926.685	86,2%
Aðalvík ehf.	28.719.849	88,6%
Atafl ehf.	32.715.243	101,0%
Kostnaðaráætlun	32.400.000	100,0%

Gengið var til samninga við lægstbjóðenda, Sveinbjörn Sigurðsson hf, sem einnig átti lægsta tilboðið í framkvæmdir á 3. - 4. hæð.

### 2.2 Framvinda

Verkið hófst í 24. mars 2011 og lauk í ágúst á sama ári. Smíði stigans í húsi með starfsemi í fullum rekstri hafði í för með sér mikla undirbúningsvinnu með verktaka og verkkaupa til þess að lágmarka truflun á vinnutíma. Verktími var stuttur (áætluð verklok 29. apríl) og náðist að klára alla verkþætti að undanskilinni uppsetningu glerveggjanna en afgreiðslutími glersins var lengri en verktíminn gerði ráð fyrir.



Sölvhólsgata 7.

### 2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit var með framkvæmdinni reglulega á verktíma. Svo og haldnir verkfundir þar sem fjallað var sérstaklega um stigaframkvæmdina. Áfangaúttektir voru framkvæmdar á verktímanum en lokaúttekt fór fram 25. ágúst 2011.

Eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar hafði Örn Baldursson, starfsmaður FSR.



Opið á milli hæða við stigann.



### 3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

#### 3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður var áætlaður 32,4 m.kr. á verðlagi í mars 2011. Niðurstaðan varð 46,3 m.kr. í ágúst mánuði á sama ári en sú upphæð verður 41,6 m.kr. að teknu tilliti til vísitöluleiðréttingar.

Mismunur upphæðanna skýrist í meginatriðum á tæplega 2 m.kr. vegna magnbreytinga og tæplega 7 m.kr. viðbótarverka vegna aukinna aðgerða út af brunatæknilegum kröfum til verksins s.s. vatnsúðakerfi á einni hæð, lagfæringu á loftræsingu að nýju stigahúsi og eldhólfandi hurðir og veggir á 2. hæð.



Á 3. hæð við stigann.



Stigi milli 2. og 4. hæðar innanríkisráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7.



Sófar við stigann.

## 4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

### 4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Fjárhagslegt mat í samræmi við niðurstöður hér fyrir ofan er metinn góður.

Verktími var stuttur sem skýrir töf á afgreiðslu glerveggja og –handriða stigans. Vel tókst til með framkvæmd verksins og uppfyllir stiginn væntingar notenda.

Árangur framkvæmdarinnar í heild er metinn góður.

### 4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri